

## Fundargerð 132.fundar stjórnar Austurbrúar haldinn 18. október 2022

Fundurinn var haldinn á Teams og hófst hann kl 13:00

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Axel Örn Sveinbjörnsson, Berglind Harpa Svavarsdóttir, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Ragnar Sigurðsson, Stefán Eysteinnsson (varamaður) og Sæunn Stefánsdóttir. Þráinn Lárusson og Jóhann F. Þórhallsson boðuðu forföll.

Mættir starfsmenn Austurbrúar: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri sem skrifaði fundargerð.

### 1. Fundargerð stjórnarfundar nr. 131

Fundargerð stjórnar Austurbrúar númer 131 samþykkt af stjórn og verður undirrituð rafrænt.

### 2. Fjárlög 2023, næstu skref

Framkvæmdastjóri fór yfir drög að erindi sem og samantekt tengt fjárlögum 2023. Framkvæmdastjóra falið að senda erindið til fjárlaganefndar í takt við umræðu á fundinum og fylgja því eftir.

### 3. Kynning á starfsemi landshlutanna

Framkvæmdastjóri kynnti samantekt sem hún vann yfir starfsemi á vettvangi landshlutanna sem og hvar samstarf landshlutanna á sér stað. Umræður um samstarfið og fyrirkomulagið á því.

### 4. Svæðisskipulag Austurlands

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna og fréttir tengt undirritun Svæðisskipulags Austurlands 2022-2044 sem fram fór 12. október sl. Næstu skref er auglýsing í B-deild stjórnartíðinda. Umræður um næstu skref og tengsl við starfsáætlun SSA og Austurbrúar fyrir árið 2023.

### 5. Ný verkefni Austurbrúar

Framkvæmdastjóri kynnti vinnu sem er í gangi varðandi nýtt verkefni hjá Austurbrú.. Unnið er með samningsaðilum að skilgreiningum á verkefninu og verður það kynnt nánar á næsta stjórnarfundum. Jafnframt fór framkvæmdastjóri yfir ýmis verkefni og fundi sem eru framundan.

### 6. Önnur mál

Engin önnur mál.

Ekki fleiri mál á dagskrá og fundi slitið kl 14:00